

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Vöðlar, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 10. maí 2017, tillögu að deiliskipulagi fyrir Vöðla, spildu úr landi Snjallsteinshöfða. Tillagan tekur til tveggja byggingarreita þar sem heimilt verður að byggja íbúðarhús og vélageymslu.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 31. maí 2017.

F.h. Rangárþings ytra,

Haraldur Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 20. júní 2017